

**Nd.**

**547. Breytingartillögur**

**[124. mál]**

við frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá Skúla Guðmundssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Sé ekki tekið fram í heimildarlögum, að ábyrgð ríkissjóðs skuli vera einföld, ber að líta svo á, að þau lög heimili sjálfskuldarábyrgð.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
3. Við 5. gr. Við greinina bætist:  
Hér undir falla þó ekki greiðslur ríkisins til skóla eða aðrar lögbundnar greiðslur til sérstakra framkvæmda sveitarfélaga.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkisstjórnin láti fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, og eru þeir skyldir að láta í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn, er ríkisstjórnin telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Ef einhver tregðast við að láta umbeðnar upplýsingar í té, má fjármálaráðherra beita dagsektum allt að 500 kr. fyrir hvern dag, unz gögnin eru í té látin. Dagsektir þessar má ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.
5. Við 8. gr. Síðari málsliður greinarinnar falli niður.